

Íbúaráð Breiðholts 4. október 2023: Fyrirspurn íbúaráðs Breiðholts um gangstéttarbút við Lambasel:

Íbúi við Lambasel setti sig í samband við formann og vildi spyrjast fyrir um ókláraða gangstéttarbút sem er fyrir framan Lambasel 28 og fyrir aftan Lambasel 38 en svo virðist vera að bútur hafi orðið eftir þegar gangstéttir voru steiptar. Vill íbúaráðið spyrjast fyrir um hvort ekki sé hægt að ganga frá þessu litla svæði sem eftir er til að gangandi vegfarendur komist öruggir leiðar sinnar innan hverfisins. Einnig er bent á blindhorn á tveimur stöðum sem ógna öryggi gangandi þegar bílar keyra úr götunni, stendur til að bæta umferðaröryggi á þessum blindhornum?